

**Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um stofnun nýrra pósta-
afgreiðslna.****1**

6. jan.

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, hefir stjórnarráðið ákveðið að stofna póstaafgreiðslur á Hofsós og Reyðarfirði.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstafana, að því viðbættu, að stjórnarráðið hefir auglýst póstaafgreiðslumannasýslanirnar á nefndum stöðum lausar.

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu um end-
urgreiðslu á meðlagi með óskilgetnu barni.****2**

8. febr.

Hreppsnefndin í Gerðahreppi hefir áfrýjað til stjórnarráðsins úrskurði sýslumannsins í Arnessýslu, dags. 29. júlí f. á., sem fríar Gaulverjabæjarhrepp við að endurgreiða 10 kr. af útlögðu 40 kr. meðlagi með óskilgetnu barni Steinunnar Jónsdóttur og Ingimundar Sæmundssonar, Kristjönu að nafni.

Útaf þessu skal yður, herra sýslumaður, hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Gerðahrepps, að stjórnarráðið telur framangreindan úrskurð sýslumanns rjettan, og skal hann því óhaggaður standa.

Útdráttur úr úrskurði sýslumanns.

Af meðlagi því með barninu Kristjönu, að upphæð 40 kr., er í gjalddaga kom 4. ágúst f. á., samkvæmt meðlagsúrskurði sýslumannsins í Norður-Múlasýslu 15. sept. 1906, hefir framfærslusveit barnsföður, Gaulverjabæjarhreppur, greitt 30 kr., en neitar að greiða þær 10 kr., er eftir standa, af þeirri ástæðu, að barnið hafi verið orðið fullra 10 ára í byrjun umrædds meðlagsárs, en meðalmeðgjöf í Gullbringusýslu með óskilgetnum börnum á þeim aldri sje 30 kr., og verði framfærslusveitin því eigi krafín um hærra meðlag samkvæmt ákvæðum 9. gr. fátækralaganna. Gegn þessu heldur hreppsnefnd Gerðahrepps því fram, að enda þótt barnsmóðir eigi ekki heimtingu á, að dvalarsveitin greiði fyrir barnsföður gegn endurgjaldi frá framfærslusveit hans meira en meðalmeðgjöf í sveit þeirri, sem barnið dvelur í, þá sje dvalarsveitinni þó heimilt að greiða barnsmóður fult úrskurðað meðlag, þótt það fari fram úr meðalmeðgjöf, og eigi heimtingu á að fá það síðan endurgreitt að fullu af sveit föður. Ber nefndin fram þá ástæðu fyrir þeirri sköðun sinni, að áminst ákvæði 9. greinar fátækralaganna leysi eigi barnsföður undan því, að greiða með óskilgetnu barni sínu úrskurðaða meðlagsupphæð að fullu, og af því leiði aftur, að framfærslusveit hans sje skylt að greiða hana fyrir hann, ef hann getur eigi greitt hana sjálfur, svo framarlega sem full úrskurðuð meðlagsupphæð hefir í raun og veru verið greidd með barninu. En á þetta verður eigi fallist. Þótt barnsföður sje sjálfum skylt að greiða fult úrskurðað meðlag án tillits til þess, þótt það fari fram úr meðalmeðgjöf í þeirri sveit,